



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Utanríkismálanefnd Alþingis,
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. ágúst 2013
EUTN1307002/87.A.100
GBS/KAS

Á fundi mínum með utanríkismálanefnd hinn 4. júlí sl. var nefndinni gerð grein fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að gera hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið og að stöðva frekari vinnu samninganefndar og -hópa. Fram kom að ákvörðun þessi væri tekin í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 22. maí sl. en áform um það komu skýrt fram í stefnuskrám beggja stjórnarflokkanna fyrir alþingiskosningarnar 27. apríl sl.

Í framhaldi af þessum fundi barst erindi frá þremur nefndarmönnum í utanríkismálanefnd, dags. sama dag., þar sem þess var farið á leit að lögð yrði fram í nefndinni lögfræðileg álitagerð þar sem skýrð væru “þau stjórnskipulegu valdmörk sem framkvæmdarvaldinu eru sett gagnvart ferli umsóknar um aðild að Evrópusambandinu” samkvæmt ályktun Alþingis nr. 1/137 frá 16. júlí 2009, um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

Jafnframt var sérstaklega óskað eftir rökstuðningi fyrir heimild ráðherra til að víkja frá því skipulagi sem lýst væri í nefndaráliði um tillögu til þessarar þingsályktunar en það vísar til þess að í ályktunarorðum var við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra lagt fyrir ríkisstjórnina að fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram kæmu í áliði meirihluta utanríkismálanefndar.

Álitaefnið sem borið er upp varðar í raun lagalega þýðingu ályktana Alþingis eða m.ö.o. hvort ríkisstjórnin sé lagalega bundin af að fylgja þeim eftir, jafnvel þótt efni ályktunar sé ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og fari jafnvel í bága við hana. Á það sérstaklega við – eins og hér háttar til – þegar ályktun hefur verið samþykkt af öðrum þingmeirihluta en þeim sem ríkisstjórnin þiggur umboð sitt frá og nýr meirihluti hefur eftir atvikum önnur stefnumið en sá sem að ályktun stóð.

Að þessu virtu hef ég látið taka saman hjálagða álitagerð um lagalega þýðingu þingsályktana í þeim skilningi hvort þær geti haft bindandi áhrif. Niðurstaða hennar er sú að þingsályktanir sem ekki byggjast á sérstakri heimild í lögum eða stjórnarskrá bindi stjórnvöld ekki umfram það sem af þingræðisvenjunni leiðir.

Þegar til þess er litið að ályktun sú sem framangreint erindi vísar til var samþykkt á fyrra kjörtímabili af öðrum þingmeirihluta er nú situr og núverandi stjórnarflokkar höfðu báðir á stefnuskrá sinni að gera hlé eða hætta þeim viðræðum sem ályktunin fjallar um og augljóst var fyrir kosningarnar að þeir stæðu henni ekki að baki, verður ríkisstjórnin ekki talin bundin af að fylgja þessari ályktun eftir. Af sjálfu leiðir að sama gildir um heimildir ráðherra til að víkja frá því skipulagi sem vísað var til í nefndaráliti með þingsályktunartillögunni.

Að fengnu þessu áliti hef ég ákveðið að taka til skoðunar að leysa samninganefndina og -hópana frá störfum til að þeir sem þar hafa setið geti snúið sér að öðrum verkefnum.

Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að reifa þessi mál frekar á fundi með nefndinni, óski hún þess.

